

GJALDSKRÁ**Hitaveitu Akureyrar.**

1. gr.

Hitaveitan selur varmaorku úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Akureyrar.

2. gr.

Vatnsrennsli að hitunarkerfi húsa er takmarkað um hemla. Greiða skal árlegt aflgjald samkvæmt hemilstillingu, sem kaupandi ákveður og fer skriflega fram á við hitaveituna.

Neysluvatnslögn skal tengja fyrir framan hemil og fyrir aftan mæli.

Árlegt aflgjald skal greiða miðað við hemilstillingu 1. desember þó aflþörf verði minni hluta úr ári. Óski kaupandi að hækka hemilstillingu sína skal aflgjald þó hækka fyrsta dag næsta mánuðar á eftir og gildir sú hækkun til 30. nóvember næst þar á eftir, nema kaupandi æski hækkunar aftur fyrir þann tíma.

Fyrir breytingu á hemilsstillingu skal greiða skammtabreytingargjald samkvæmt gjaldskrá þessari.

Minnsta breyting á hemilstillingu er 0,5 ltr/mín (mínútlítri).

Lágmarksstilling hemils er einn ltr/mín.

3. gr.

Fyrir öll afnot af varmaorku skal greiða orkugjald samkvæmt rúmmetramæli og fast aflgjald samkvæmt hemilstillingu eða mælagjald.

A. Orkugjald:

Orkugjald fyrir hvern rúmmetra kr. 50,00

B. Fastagjald:

B.1 Fyrir almenna húshitun ásamt neysluvatni

Fast aflgjald (hælmagjald) ltr/mín/ár kr. 3 000,00

B.2 Án húshitunar

Mælagjald á mánuði kr. 250,00

4. gr.

C. Stofngjöld skulu reiknast sem hundradshluti af sama stofni og útreikningur byggingargjalda miðast við samkvæmt gjaldskrá byggingargjalda á Akureyri.

C.1 Fyrir fyrstu 300 fermetrana, gjaldstuðull 1,1%

Fyrir flatarmál umfram 300 fermetra, gjaldstuðull 0,4%

Í stofngjaldi er innifalin ein heimæð á lóð allt að 30 m að lengd, talið frá lóðarmörkum þar sem hitaveituæðin kemur að viðkomandi lóð.

C.2 Mælagrindargjald kr. 8 000,00

C.3 Gjald fyrir hvern lengdarmetra í heimæð umfram 30 m

lengd frá lóðarmörkum kr. 1 000,00

5. gr.

D. Önnur gjöld.

D.1 Lokunargjald kr. 300,00

D.2 Skammtabreytingargjald kr. 300,00

D.3 Mælaálestrargjald (aukaálestur) kr. 300,00

6. gr.

Af húsrými með þilofnahitun eða rafgeislahitun (bein hitun) skal greiða 50% stofngjalds samkvæmt gjaldskrá þessari.

7. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar, 1. júní 1985, 205 stig.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Akureyrar er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 393/1977 um Hitaveitu Akureyrar, með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 26. júní 1985.

Sverrir Hermannsson.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

Hitaveitu Akureyrar.

I. KAFLI

Rekstrarform.

1. gr.

Hitaveita Akureyrar er fyrirtæki, sem Akureyrarbær á og starfrækir sem sjálfstætt fyrirtæki, hér eftir nefnt hitaveitan.

2. gr.

Tilgangur hitaveitunnar er að afla og veita varmaorku um orkuveitusvæði sitt og reka aðra þá starfsemi sem tengist orkuvinnslunni og orkusölu.

3. gr.

Orkuveitusvæði hitaveitunnar er lögsagnarumdæmi Akureyrarbæjar og nágretta-byggðar eftir nánara samkomulagi bæjarstjórnar Akureyrar og viðkomandi sveitastjórna og sem ráðherra samþykkir samkvæmt orkulögum.

Hitaveitan hefir einkarétt til dreifingar og sölu varmaorku til notenda á orkuveitusvæði sínu.

4. gr.

Yfirstjórn hitaveitunnar er í höndum bæjarstjórnar Akureyrar, en stjórn hennar skal falin veitustjórn.

5. gr.

Veitustjórn skipa fimm menn og fimm til vara sem kosnir eru af bæjarstjórn. Kjörtímabil hennar skal vera hið sama og bæjarstjórnar. Veiturstjórn skiptir með sér verkum.

6. gr.

Veitustjórn er ákvörðunarþær þegar meirihluti hennar sækir fund. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum.